

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu hátíðardagskrár í tilefni af 20 ára afmæli fötlunarfræði við Háskóla Íslands.**

**Haldið í Hátíðasal í Aðalbyggingu föstudaginn 21. febrúar 2025 kl. 13.**

Góðan dag öll sömul.

Það er mér heiður og ánægja að ávarpa þetta málþing sem haldið er í tilefni af því að liðin eru 20 ár frá því að kennsla í fötlunarfræði hófst við Háskóla Íslands. Áður en lengra er haldið vil ég óska fötlunarfræðinni og Háskóla Íslands innilega til hamingju með þennan merka áfanga.

Fötlunarfræði er námsbraut innan Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands og þótt námsbrautin sé ein sú yngsta og smæsta við skólann hefur hún á umliðnum 20 árum lagt gríðarlega mikið af mörkum til samfélagslegrar þróunar varðandi málefni fatlaðs fólks hér á landi. Eitt meginеinkenni fötlunarfræðinnar er þverfræðileiki og nán tengsl við fjölbreyttan hóp fatlaðs fólks og samtaka þess, foreldra, fagfólk og stefnumótunaraðila, en náið samstarf við vettvang hefur alla tíð verið einn af hornsteinum fötlunarfræðanna.

Markmið námsbrautarinnar hefur frá upphafi verið að efla þverfræðilegt fræðastarf og kennslu um fötlun og fatlað fólk og renna stoðum undir félagslegan skilning á fötlun, mannréttindi fatlaðs fólks og nútíma hugmyndafræði í þjónustu. Í öllu þessu hefur námsbrautin verið brautryðjandi hér á landi.

Námsbrautin hefur einnig lagt mikið af mörkum við að þjálfra rannsakendur á þessu nýja sviði og hafa sex doktorar verið brautskráðir og munu fimm til viðbótar brautskrást á þessu og næsta ári.

Þá hefur rannsóknavirkni innan fötlunarfræðinnar verið mikil og hafa kennarar námsbrautarinnar aflað margra og hárra innlendra og alþjóðlegra styrkja.

Mikilvægur áfangi í uppbyggingu greinarinnar var þegar Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum stofnað árið 2006 og hefur setrið gegnt lykilhlutverki innan Félagsvísindastofnunar við að byggja upp þekkingu á rannsóknum með fötluðu fólki.

Rannsóknaverkefni innan fötlunarfræðinnar hafa einkennst af fjölbreytni og þverfræðileika. Unnið hefur verið með innlendu og erlendu fræðafólki á sviði mannréttindalögfræði, hugvísinda, heilbrigðisvísinda, félagsvísinda og menntavísinda og þannig byggð upp ný rannsóknasvið. Birtingar fræðafólks námsbrautar í fötlunarfræði endurspeglar vel þessa breidd.

Námsbrautin er í miklu alþjóðlegu samstarfi og stendur m.a. fyrir stórrí alþjóðlegri ráðstefnu (Nordic Network on Disability Research) hér á landi tíunda hvert ár á móti hinum Norðurlöndunum.

Í þessu sambandi má einnig geta þess að fatlaður fræðimaður og alþjóðlegur brautryðjandi í fötlunarfræðum, Thomas William Shakespeare, var gerður að heiðursdoktor við þáverandi Félags og mannvísindadeild Háskóla Íslands árið 2012.

Eins og áður sagði er fötlunarfræðin í miklu samstarfi við vettvang og hefur fræðafólk í greininni unnið fjölmörg verkefni fyrir ráðuneyti og hafa fulltrúar fötlunarfræða verið skipaðir fulltrúar í nefndir og ráð á vegum stjórnarráðsins, s.s. Réttindavakt Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, verkefnastjórn landsáætlunar um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem einnig ber heitið Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027.

Innan Háskóla Íslands hafa kennarar í fötlunarfræðum sinnt margháttaðri stjórnun og þjónustu. Í því sambandi má nefna starf með yfirstjórn Háskóla Íslands við að auka aðgengi fatlaðra stúdenta að skólanum og gera bæði byggingar og nám aðgengilegt fyrir okkur öll. Einnig hefur fötlunarfræðin átt fulltrúa í Ráði um málefni fatlaðs fólks frá upphafi og tekið virkan þátt í að vinna að aukinni þekkingu um fatlað fólk og inngildingu þess í starfi Háskólans. Loks hafa fulltrúar úr fötlunarfræði tekið virkan þátt í að stuðla að jafnrétti í víðum skilningi innan Háskólans og var brautryðjandinn Rannveig Traustadóttir, prófessor emerita, fyrst til að hljóta viðurkenningu fyrir störf að jafnréttismálum árið 2019. Var það að mínu mati einkar vel til fundið og vil þakka sérstaklega fyrir þetta mikilvæga starf sem fötlunarfræðin hefur sinnt fyrir hönd HÍ.

Góðir gestir. Þetta stutta yfirlit sýnir glögg þvílíkt gæfuspor það var fyrir Háskóla Íslands og íslenskt samfélag þegar hafin var kennsla í fötlunarfræðum við skólann árið 2004. Og þessu ævintýri er hvergi nærri lokið og enginn vafi á því að það eru bjartir tímar framundan fyrir fötlunarfræði á Íslandi.

Ég vil í lokin geta þess að 14. mars nk. verður haldin annar viðburður hér í Hátíðasal þegar fagnað verður fimmtán hundruðasta rampinum í verkefninu „Römpum upp Ísland“, en sá rampur er einmitt í smíðum hér fyrir framan Aðalbyggingu og vafalaust stórbæta aðgengi að byggingunni.

Ég vil að lokum ítreka hamingjuóskir mínar til okkar allra og óska fötlunarfræði við Háskóla Íslands alls hins besta.

Takk fyrir.